

# Enginn með Steindóri



Fólk  
á bara  
miserfitt  
með að  
standast  
freistingar

Hugleikur 2005

## Á hverju er hann eiginlega?

Sú var tíðin að Hugleikur setti upp eina leiksýningu á ári. Síðan hefur hann heldur fært út kvíarnar.

Í október sýndi Hugleikur sex nýja íslenska einþáttunga. Í nóvember frumsýndi hann nýtt íslenskt leikrit, *Memento mori*, í samvinnu við Leikfélag Kópavogs. Í mars frumsýndi hann annað nýtt íslenskt leikrit, *Patataž*. Og nú frumsýnir hann enn nýtt íslenskt leikrit.

Einhver kann að spyrja á hverju hann Hugleikur sé eiginlega. Sumir kunna líka að spyrja hvort hann ætli að halda svona áfram. Fyrri spurningunni má svara þannig að einu örvandi efnin sem Hugleikur neytir eru sköpunarkraftur, atorka og brennandi áhugi félaganna. Þeirri síðari svörum við þannig að við vonum það svo sannarlega. Hugleikur hefur ekki í hyggju að draga saman seglin ef hann kemst hjá því. Hann gerir sér grein fyrir að erfitt verður að toppa leikárið sem er að líða, en hann hefur heldur aldrei skotið sér undan áskorunum.

Við biðjum ykkur að njóta samvistanna við ljúflinginn og orkuboltann Steindór Finnsson og fjölskyldu hans, og vonum að þið komið aftur til að sjá hvað Hugleikur býður upp á á næsta leikári, og því næsta, og því þarnæsta...

f.h. stjórnar  
Sigurður H. Pálsson



[www.hugleikur.is](http://www.hugleikur.is)

**Hugleikur**  
**Enginn með Steindóri**

**Höfundur**  
**Nína Björk Jónsdóttir**

**Leikstjóri**  
**Þorgeir Tryggvason**

Framsýnt í Möguleikhúsinu  
fimmtudaginn 5. maí 2005

## Ég þoli ekki farsa

Viðtal við höfund

*Viltu segja okkur hvernig þetta leikrit varð til?*

Eftir námskeið í Svarfaðardal hjá Karli Ágústi árið 2002 ákvað ég að prófa að skrifa leikrit í fullri lengd. Svo eftir svona 20-30 blaðsíður flutti ég til Makedóníu og gleymdi þessu alveg. Árið 2004 var haldið annað námskeið og var þá ætlast til að fólk ynni að leikriti í fullri lengd. Ég tók það sem ég var búin að skrifa með á námskeiðið og mér til mikillar furðu var heilmikið hlegið þegar það var lesið. Það fyllti mig eldmóði og ég ákvað því að halda ótraud áfram. Það var alveg draumur að vinna þetta þarna, því þá fékk maður viðbrögð hinna beint í æð. Það er kannski líka ástæðan fyrir því hvað leikritið verður brjáláðra og brjáláðra eftir því sem á líður.



*Er það satt að Steindór hafi upprunalega átt að vera báalharlegt fjölskyldudrama?*

Það var ætlunin í upphafi, en það varð ekki. Persónurnar tóku völdin. Persónulega þoli ég ekki farsa og ég ætlaði sko alls ekki að skrifa farsa, en ég held að það sé ekki hægt að lýsa þessu öðruvísi en sem ... farsa. Ég ákvað að skrifa um par sem á ólíka foreldra og konfliktana sem koma fram, það var bara það sem ég lagði upp með. Leikritið fjallar svo í sjálfu sér ekkert um stéttamun.

*Þetta er þitt fyrsta leikrit í fullri lengd, ekki satt?*

Jú. Einn einþáttungur, *Hefndin er sæt*, hefur verið settur upp hjá Hugleik og svo eru til fleiri sem ekki hafa ratað á svið. Þegar ég var ellefu ára var ég síðan að vinna í Barnaútvarpinu hjá RÚV með vinkonu minni, Eddu Magnus. Þar gerðum við talsvert af leikritum sem voru flutt í útvarpinu eða í skólanum.

*Ertu að skrifa meira?*

Nei, þessa dagana skrifa ég ekkert nema ritgerðir, en það er yfirdrifið nóg af blóði í þeim. Ég er að læra alþjóðastjórnsmál með áherslu á öryggis- og varnarmál úti í Bretlandi og hef því verið að skrifa um jarðsprengjur, þjóðarmorð og annan ófögnuð.

## Þetta er ekki farsí

viðtal við leikstjóra

*Er þetta blóðug sýning?*

Blóð er auðvitað ákveðið element í verkinu. Það er blóð í öllum persónunum og margar þeirra eru blóðskyldar og hvort einhver blóðskömm milli Steindórs og móður hans hefur átt sér stað verður hver að ákveða fyrir sig. Ég hef reynt að halda blóðinu undir yfirborðinu. Þetta er splatter undirtextans.



*Er þarna verið að dekonstrúera ferðaveldið, svo því blæði út?*

Nei, þetta er alls ekki afbyggjandi verk, þetta er uppbyggilegt verk. Þetta er móralskt verk, sem ræðst gegn tómhyggju, afstæðishyggju og gróðahyggju nútímans á mjög einarðan og heilan hátt. Þetta er ákaflega heilsusamlegt leikrit.

*Hver er afstaða þín til verksins?*

Það sem heillar mig við þetta leikrit er hvað þetta er skýr og afdráttarlaus kómedía. Þetta er ekki farsí, þetta er ekki sundurlaus röð af afsökunum fyrir koma með orðaleiki eða bresta í söng, heldur er þetta snyrtilega uppbyggð aðstæðukómedía, þar sem persónurnar lenda í kringumstæðum sem afhjúpa þær sem lítilmótlegar og hlægilegar. Og eins og ég sagði áðan þá er þetta beitt leikrit.

*Nú er ekki nóg með að þú leikstýrir sýningunni, þú komst líka nálægt gerð leikritsins.*

Já, þetta verk var klárað í höfundasmiðju sem ég stýrði. Ég er bæði ljós-móðir þess og föstra.

*Eitthvað að lokum?*

Ég er bara mjög hamingjusamur með gang mála. Ég hef notið samvistanna við þessar tvær fjölskyldur sem leikritið fjallar um.

## Persónur og leikendur:

**Kristján Húnbogi**  
bankastjóri Þjóðarbankans

Rúnar Lund

**Sigríður**  
kona hans

Hulda B. Hákonardóttir

**Margrét**  
dóttir Kristjáns og Sigríðar

Þórunn Guðmundsdóttir

**Matthías**  
eiginmaður Margrétar

Gísli Björn Heimisson

**Sóley**  
dóttir Kristjáns og Sigríðar

Anna Bergljót Thorarensen

**Hilmar**  
kærasti Sóleyjar

Einar Þór Einarsson

**Svanlaug**  
móðir Hilmars

Júlía Hannam

**Steindór**  
sonur Svanlaugar

Jóhann Davíð Snorrason

**Maria**  
vinnukona

Jenný Lára Arnórsdóttir

**Aðstoðarleikstjóri:**

Silja Björk Huldudóttir

**Lýsing:**

V. Kári Heiðdal

**Leikmynd:**

Leikstjóri og leikhópur

**Smiður:**

Jón Örn Bergsson

**Málari:**

Hanna Kr. Hallgrímsdóttir

**Búningar:**

Dýrleif Jónsdóttir

**Aðstoð við lýsingu:**

Hjalti Stefán Kristjánsson

**Leikhljóð:**

Björn Thorarensen

**Leikskrá:**

Guðmundur Erlingsson  
Sigurður H. Pálsson

**1. Graf Klaus von und zu  
Wurtenhoppenheimenkleimen:**

*Stilleben* (2005)


týndir hlutir

Nýjasta verk þessa fremsta fulltrúa bæversku tjástefnunnar. Klaus greifi sýnir hér enn og aftur einstæða fundvísi sína á týnda hluti.

Matsverð: 2.999.999 kr.

Mynd vantar

**2.**



**Jackson Bollock:**

*Eros hunting* (1954)

þurrkað selspik

Bollock hefur verið í forsvari fyrir hjárænustefnuna í Alaska í hartnær þrjá áratugi. Með þessu verki leiðir hann saman klassíska erótík og veiðihefðir innfæddra á afar sérstæðan hátt.

Matsverð: 850.000 kr.


**3. Edvard Runch:**

*Agnus dayee* (1989)

lopi og matarlím

Pastoral fantasía sem ber trúarhita þessa þrændska myndhöggvara glöggt vitni. Listamaðurinn kemur til skila þjáningu, efa og fórn Guðslambsins, svo áhorfandinn getur vart annað en tekið undir bæn þess um að bikarinn verði tekinn burt.

Matsverð: 1.500.000 kr.



4.



**Jeff Moons:**

*Ilona bathing* (1977)

haframjöl og tonnatak

Moons miðlar okkur hér af óvenju rækilegri þekkingu sinni á kvenlíkamanum. Hver krókur og kimi öðlast nýja, næstum esóteríska, merkingu í meðferð hans.

Matsverð: 3.200.000 kr.


**5. Polli:**

*Gunnarsbólmi* (2003)

raksápa og sterkja

Segja má að Polli hafi fundið upp íslenska þjóðlendustefnu í sápumótun. Þetta er eitt hans sterkasta verk til þessa og ber þekkingu listamannsins á þjóðararfinum órækt vitni.

Matsverð: 999 kr.



Öll verkin á sýningunni eru til sölu á uppboði. Ef þú, áhorfandi góður, hefur áhuga á að eignast eitthvert verkanna, fylltu þá út eyðublaðið hér að neðan, rífdú út, og skilaðu inn í greidasöluna í anddyrinu. Allur ágóði af uppboðinu rennur til uppbyggingar Hugleikhússins að Eyjarslóð. Öll verkin verða afhent með upprunavottorði og eigendasögu. Heimsending fæst kaupanda að kostnaðarlausu.



Nr. verks: \_\_\_\_

Nafn: \_\_\_\_\_

Sími: \_\_\_\_\_

Upphæð: \_\_\_\_\_

*Listaverkauppboð*

**Gallerí**

**Arti**

*og Hugleiks*

Hugleikur þakkar eftirtöldum aðilum stuðninginn:

◆ 4 Fjarkinn  
ekki bara sjoppa...



Felgan ehf.  
Skútuvogi 15



Gallerí Arfi



Þjóðarbankinn  
útrás í okkar þágu



Hraunið,  
Eyrarbakka  
alhliða slökunardvalir  
steinsnar frá ströndinni  
fjölbreytt föndurnámskeið



Łögmannsstofa  
Matthíasar

*þú sleppur kannski með skjólorð*